

Borgarráð

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um kostnað vegna ferða sviðstjóra og stjórnenda þjónustu- og nýsköpunarsviðs.

Á fundi borgarráðs dags. 6. maí 2021 lagði áheyrnarfulltrúi fulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Borgarfulltrúi Flokks fólksins vill fá nánari útfærslu á eftirfarandi kostnaði: Hver er kostnaður sviðstjóra og æðstu stjórnenda þjónustu- og nýsköpunarsviðs vegna ferða erlendis, námskeiða og ráðstefna og einnig risnu síðastliðin 4 ár. Óskað er sundurliðunar eftir starfsheitum. Einnig hver var kostnaður skrifstofustjóra og æðstu stjórnenda forvera þjónustu- og nýsköpunarsviðs sem var skrifstofa þjónustu og reksturs á því tímabili sem nefnt er?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar skrifstofu borgarstjórnar.

Áður hefur verið spurt um ferðakostnað starfsmanna og stjórnenda á þjónustu- og nýsköpunarsviði (áður skrifstofu þjónustu og reksturs) á vettvangi borgarráðs og mannréttinda- nýsköpunar- og lýðræðisráðs vegna sama tímabils. Vísað er til svars skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, dags. 4. febrúar 2019, við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um kostnað vegna dagpeninga í utanlandsferðum, sbr. 35. lið fundargerðar borgarráðs frá 20. september 2018, svars skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, dags. 17. mars 2020 við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um kostnað við ferðir á fundi erlendis síðastliðin 2 ár, sbr. 34. lið fundargerðar borgarráðs frá 7. nóvember 2020 og að lokum svars fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 30. nóvember 2020, við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um ferðakostnað árið 2020 samanborið við árið 2019, sbr. 37. lið fundargerðar borgarráðs frá 1. október 2020.

Einnig er vísað til svars þjónustu- og nýsköpunarsviðs dags. 15. mars sl. við fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins í mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráði um ferðakostnað þjónustu- og nýsköpunarsviðs síðustu 4 ár sem var lagt fram á fundi mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs þann 25. mars sl. og til niðurstöðu í bréfi skrifstofu

borgarstjórnar til mannréttinda- nýsköpunar- og lýðræðisráðs. dags. 13. apríl sl.

Í sveitarstjórnarlögum er fjallað um réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna (IV. kafli), þar kemur fram að sérhver sveitarstjórnarmaður eigi rétt á að kynna sér gögn og upplýsingar sem fyrir liggja í stjórnsýslu sveitarfélags og varða málefni sem komið geta til umfjöllunar í sveitarstjórn. Í samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar kemur fram að borgarfulltrúar eiga rétt á að leggja fram stutta fyrirspurn í fundargerð um mál sem er á verksviði viðkomandi ráðs eða nefndar. Í þeim svörum sem vísað er til hér að ofan varðandi málið kemur ítrekað fram að yfirlit yfir ferðakostnað þjónustu- og nýsköpunarsviðs sé reglulega lagt fyrir fundi borgarráðs. Í framlögðum svörum er jafnframt vísað til fyrri svara skrifstofu borgarstjóra og borgarritara og til svara fjármála- og áhættustýringarsviðs á vettvangi borgarráðs með tilgreiningum í fundargerðir og einstaka liði. Á vettvangi borgarráðs og mannréttinda- nýsköpunar- og lýðræðisráðs hafa því verið lagðar fram nákvæmar sundurgreiningar á ferðakostnaði þjónustu- og nýsköpunarsviðs aftur til ársins 2016. Er því enn á ný vísað til áður framlagðra svara við sambærilegum fyrirspurnum um málið, enda er ekki að finna nein ákvæði í sveitarstjórnarlögum né samþykktum Reykjavíkurborgar sem koma í veg fyrir að heimilt sé að vísa til eldri svara um sömu fyrirspurna.

Virðingarfyllst

Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar

Hjálagt:

Svar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, dags. 4. febrúar 2019, við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um kostnað vegna dagpeninga í utanlandsferðum, sbr. 35. lið fundargerðar borgarráðs frá 20. september 2018

Svar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, dags. 17. mars 2020 við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um kostnað við ferðir á fundi erlendis síðastliðin 2 ár, sbr. 34. lið fundargerðar borgarráðs frá 7. nóvember 2020

Svar fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 30. nóvember 2020, við framhaldsfyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um ferðakostnað árið 2020 samanborið við árið 2019, sbr. 37. lið fundargerðar borgarráðs frá 1. október 2020.

Svar þjónustu- og nýsköpunarsviðs dags. 15. mars sl. við fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins í mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráði um ferðakostnað þjónustu- og nýsköpunarsviðs síðustu 4 ár sbr. fundargerð mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs þann 25. mars sl.

Bréf skrifstofu borgarstjórnar til mannréttinda- nýsköpunar- og lýðræðisráðs. dags. 13. apríl sl.